

## Fundargerð

### 217. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 26. janúar 2016 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>10</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Ársreikningur 2015
- (3) Förgun spilliefna
- (4) Heyrúlluplast
- (5) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (6) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (216. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Ársreikningur 2015

GGÞ og ÓK fóru yfir að Úrvinnslusjóður tók að sér verkefni fyrir Stýrinefnd raf- og refeindatækjaúrgangs. Framleiðendur og innflytjendur raftækja greiddu kostnað stýrinefndar gegnum skilakerfi. Hlutverki stýrinefndar og skilakerfa lauk í árslok 2014. Eftirstöðvar skuldar stýrinefndar við Úrvinnslusjóð er 1.812.402 kr.

Lögð voru fram á fundinum drög að bókun um afskrift skuldarinnar í uppgjöri 2015.

Stjórn gerði eftirfarandi bókun vegna afskrifta á skuld Stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs við Úrvinnslusjóð:

*„Vísað er til skýrslu stjórnar Úrvinnslusjóðs með ársreikningi 2014. Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs var lögð niður í árslok 2014. Stýrinefnd hafði ekki fjármuni til að gera að fullu upp við Úrvinnslusjóð, upphæð sem nemur kr. 1.812.402 kr þrátt fyrir ákvæði laga um að skilakerfi skyldu greiða kostnað Stýrinefndar. Stafaði það m.a. af ágreiningi um túlkun laga og reglugerða um málið. Stjórn Úrvinnslusjóðs og UAR samþykkti með samkomulagi að Úrvinnslusjóður afskrifaði áðurnefnda kröfu í stað málaferla.“*

Guðfinnur Johnsen (GJ) gerir athugasemd við þessa bókun og ítrekar þá afstöðu sína að hann væri ekki sammála því að Úrvinnslusjóði bæri að afskrifa þessa upphæð, þar sem að fyrir hafi legið loforð UAR að Úrvinnslusjóður færi skaðlaus frá umsjón Stýrinfundar.

### 3. Förgun spilliefna

ÓK fór yfir það að undanfarið hafa safnast upp birgðir af spilliefnum hjá þjónustuaðilum sem Kalka hefur ekki getað tekið á móti og brennt.

Lagt var fram á fundinum erindi frá Efnamóttökunni um málið. Í erindinu var jafnframt reifuð tillaga um að opnuð verði leið til útflutnings á tilteknum flokkum spilliefna til förgunar. Ljóst er að slík leið er dýrari en förgun hjá Kölku.

Lagt var fram minnisblað frá Má Karlssyni á fundinum um málið.

Stjórnarmenn ræddu stöðuna og fóru yfir það að þjónustuaðilum er frjálst að koma með tillögu að ráðstöfun og ráðstöfunaraðilum til stjórnar Úrvinnslusjóðs til samþykktar. Það er ábyrgð þjónustuaðila að koma innsöfnuðum úrgangi í rétta ráðstöfun og hafa til þess möguleika bæði innanlands og utan. Úrvinnslusjóður er eingöngu með samning við þjónustuaðila, en ekki ráðstöfunaraðila.

*ÓK falið að koma ábendingu til UAR vegna stöðunnar og óska eftir tillögum til að leysa þetta mál til framtíðar.*

*ÓK falið að koma á stað viðræðum við Kölku ásamt LG og BGH um lausn til skamms tíma.*

*ÓK falið að kanna tilkostnað Úrvinnslusjóðs vegna útflutnings á spilliefna.*

ÓK fór yfir samtal er hann átti við stjórnendur Kölku, þar sem að fram kom að það væri stefna þeirra að brenna þennan úrgang og töldu að það gæti gerst á næstu mánuðum. Ekkert er fast í hendi. Hins vegar taldi ÓK að gott væri að opna fyrir útflutning á spilliefnum til endurnýtingar með brennslu, og hafa þar með annan möguleika á meðhöndlun og förgun. ÓK falið að ræða við Efnamóttökuna um nýja ráðstöfun spilliefnaúrgangs ef með þarf.

Eins var rætt um starfsleyfi fyrirtækja til að geyma spilliefni á starfstöð sinni. Rætt var um hugmyndir stjórnvalda um förgun á sóttmenguduðum- og sláturúrgangi með sérhæfðri brennslu. Sagt var frá litlum brennslum sem geta fargað sláturúrgangi og hefur verið tekin í notkun hjá sláturleyfishafa í Skagafirði. Stjórnarmenn ræddu það hvort að þyrfti að gera heildarúttekt undir forustu UAR um stöðu förgunar á öllum spilliefnaúrgangi á landinu.

### 4. Heyrúlluplast

Farið var yfir það á fundinum að endurvinnslufyrirtækið PM Endurvinnsla var tekið til gjaldþrotaskipta í árslok 2014. Fyrirtækið tók m.a. á móti heyrúlluplasti og var samþykkt sem ráðstöfunaraðili hjá Úrvinnslusjóði. Þegar fyrirtæki hætti starfsemi voru talsverðar birgðir af ómeðhöndluðum úrgangi frá heyrúlluplasti sem ekki var búið að endurvinna. Þjónustuaðilar sem

skilað höfðu heyrúlluplastúrgangi til fyrirtækisins voru hins vegar búnir að fá greitt fyrir plastið frá Úrvinnslusjóði, samkvæmt skilmálum um heyrúlluplast.

### **5. Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar**

Lagðar voru fram á fundinum umsóknir frá þjónustu- og ráðstöfunaraðilum um að gerast aðilar að Úrvinnslusjóðskerfinu:

Umsókn þjónustuaðila, úrvinnsla raf- og rafeindatækjarúrgangs samkvæmt skilmálum nr. ÚRVVS-01-2014.

Íslenska gámafélagið hf.  
Kt: 470596-2289  
Gufunesi  
112 Reykjavík.

*Samþykkt*

Umsókn ráðstöfunaraðila, úrvinnsla raf- og rafeindatækjarúrgangs samkvæmt skilmálum nr. ÚRVVS-01-2014. Um er að ræða tvo erlenda ráðstöfunaraðila.

Umboðsaðili beggja félaganna óskar eftir að upplýsingar um þau verði ekki birt á heimasíðu Úrvinnslusjóðs.

*Samþykkt*

Umsókn ráðstöfunaraðila, heyrúlluplast:

Pure North Recycling  
Kt: 690415-1270  
Hlíðarsmára 6  
201 Kópavogur

Verksmiðja PNR er staðsett í Hveragerði.

*Samþykkt að uppfylltum skilyrðum um frágang lóðar og vog verði sett upp.*

### **6. Önnur mál**

ÓK fór yfir stefnuskjöl er varðar vinnu við ný lög um opinber fjármál.

Lagt var erindi frá Sorpu um endurgreiðslur Úrvinnslusjóðs vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Næsti fundur ákveðinn 9. febrúar 2016.  
Fundu slitið kl 14.10